

## **Þingskjal nr. 7**

### **Samþykkt 9. þings Samiðnar um umhverfis- og loftslagsmál**

Mikilvægasta verkefni nútímans er að ná tökum á umhverfis- og loftslagsmálum m.a. með markvissum aðgerðum sem draga úr mengum umhverfisins. Í umhverfismálum má enginn sitja hjá, hvorki stjórnvöld, stofnanir, fyrirtæki eða heimili. Þetta verkefni kallar á að allir gangi í takt ef við ætlum að ná árangri.

Loftslagsvandinn og önnur umhverfisvandamál aukast í takt við hagvöxt. Aukin velta í hagkerfinu kyndir undir umhverfisvandann og er því nauðsynlegt að horfa til þess við úrlausnir.

Aðgerðir í umhverfismálum verða að taka til bæði fyrirtækja og almennings, vera raunhæfar og hafnar yfir pólitíska samkvæmisleiki. Þrátt fyrir margvíslegar aðgerðir bendir fátt til að þær séu að skila tilætluðum árangri. Fréttir berast um að vistkerfi jarðar hraki hratt og ef fram heldur sem horfir blasir við hnignun lífríkis og vistkerfa sem við byggjum afkomu okkar á.

Þingið lýsir miklum áhyggjum af þróun mála og kallar eftir þjóðarsátt um raunhæfar aðgerðir sem tryggja búsvæði og vistkerfi, sjálfbærni náttúruauðlinda og endurheimt fyrri gæða vistkerfa.

Öll fyrirtæki og stofnanir þurfa að setja sér umhverfisstefnu og vera með lifandi fræðslu um markmið og tilgang hennar fyrir starfsmenn og stjórnendur. Verkalýðshreyfingin verður að gera umhverfismálin að sínum málum, setja þau á oddinn og gera t.d. öryggistrúnaðarmenn að umhverfis- og öryggistrúnaðarmönnum.

Þing Samiðnar kallar eftir meira frumkvæði fyrirtækja og almennings til að tryggja raunhæfar aðgerðir, sátt um leiðir og skapa aðhald að stjórnvöldum. Umhverfismálin snerta alla og verklýðshreyfingin á gera þau að sínum forgangsmálum.

Reykjavík, 11. maí 2019